

Trump, Berlusconi og ógagn viðskiptajöfra í efnahagsmálum



Tito Boeri
hagfræðiprófessor við
Bocconi-háskóla



Roberto Perotti
hagfræðiprófessor við
Bocconi-háskóla

Fjöldi fólks mun hafa andað léttar þegar Donald Trump lét af embætti sem forseti Bandaríkjanna og yfirgaf Hvíta húsið. Hins vegar, þrátt fyrir hversu eitruð ríkisstjórn hans var á mörgum sviðum, myndu margir viðurkenna með semingi að efnahagsástandið á tímum Trump hafi verið einstaklega gott, allavega fram að kórónukreppunni.

Þetta var vissulega skoðun bandarískra kjósenda, þrátt fyrir að fleiri þeirra hafi kosið Joe Biden í síðustu forsetakosningum. Fram að kosningunum sýndu skoðanakannanir að kjósendur höfðu meiri trú á Trump heldur en Biden í efnahagsmálum. Sömuleiðis, þrátt fyrir heimsfaraldurinn, trúði stærra hlutfall kjósenda að aðgerðir Trump hefðu jákvæð áhrif á efnahagslífið heldur en samsvarandi hlutfall á valdatíma Obama. Traust kjósenda á Trump í efnahagsmálum var raunar svipað og hjá vinsælustu forsetum Bandaríkjanna, líkt og Ronald Reagan¹. Þetta hefur styrkt mýtuna um athafnamanninn „sem getur allavega stýrt efnahagslífinu“.

Enginn sjálfgerður milljarðamæringur

Þessi skoðun er hins vegar röng af tveimur meginástæðum. Fyrri ástæðan er sú að Trump

er langt frá því að vera farsæll frumkvöðull. Hann hóf ferilinn sinn á peningum frá föður sínum, og þrátt fyrir að hann hafi aldrei persónulega verið gjaldþrota, hafa sex af fyrirtækjum hans orðið það. Þá hefur faðir hans oft komið honum til bjargar². Samkvæmt úttekt hjá New York Times³ fékk Trump samtals að minnsta kosti 413 milljón Bandaríkjadala frá föður sínum á ögurstundu með 295 millifærslum sem hann notaði til að styðja við sín deyjandi fyrirtæki, t.a.m. misheppnuðu yfirtöku hans á spilavítisborginni Atlantic City. Trump notaði einnig hálfan milljarð Bandaríkjadala úr skemmtiúðnaðinum (mestmegnis frá sjónvarpsþáttunum *The Apprentice* og efni þeim tengdum) til að niðurgreiða hinar misheppnuðu fjárfestingarnar hans.

En þessi tekjulind er einnig horfin. Hans eigið vörumerki, sem er óáþreifanleg eign og var metið á 4,1 milljarð Bandaríkjadala þegar hann var að sækja um lán árið 2013 (þrátt fyrir að vera nánast talið vera verðlaust í skattskýrslunum hans), er örugglega lítils virði eftir atburði síðustu ára.

Nú stendur hann frammi fyrir að minnsta kosti 400 milljón Bandaríkjadala skuld sem gjaldfellur á næstu þremur árum, en fjölmörg fjármálafyrirtæki hafa nú þegar tilkynnt að þau munu ekki lengur stunda viðskipti við hann. Að þessu viðbættu má einnig nefna gríðarlegan kostnað ef skattayfirvöld áætla meiri skatt en skattayfirlitið hans gerir ráð fyrir og málaferlin sem hann stendur í vegna gruns um að hafa svikið undan skatti í New York-ríki⁴. Sökum þess hve ógagnsæir viðskiptahættir Trump eru munum við líklega þurfa að bíða eftir niðurstöðu þessara réttarhalds til þess að átta okkur betur á eignastöðu hans. Hins vegar er það ekki ósennilegt

að niðurstaðan verði sú að hann eyddi stórum hluta af auði föður síns enn þóttist hafa unnið fyrir honum sjálfur.

Slæm efnahagsstefna

Önnur og mikilvægari ástæða þess að mýtan um að viðskiptamaðurinn Trump hafi kunnað að sjá um efnahagsmál er röng er sú að stefna hans í þeim málum gekk ekki vel, jafnvel þótt litið sé framhjá kórónukreppunni.

Auðvitað er hart tekist á um kosti og galla efnahagslífsins á tímum Trump-stjórnarinnar⁵. Svo eitt dæmi sé nefnt af mörgum hafa fjölmiðlar sem hafa beinlínis sett sig upp á móti Trump, líkt og blaðið *The Guardian*, haldið því fram að fyrstu þrjú árin í valdatíð hans hafi verið mjög góð, miðað við valdatíð Obama⁶. Aðrir segja að hann hafi fengið hressilegan meðvind frá góðri efnahagsstjórn Obama, en að einkaneysla hafi verið „einn af sterkustu þáttum“ efnahagslífsins undir Trump⁷. Þar að auki hefur verið mikil umræða um áhrif viðskiptastríðs hans við önnur lönd á stöðu framleiðslustarfa í Bandaríkjunum.

Okkar sjónarmið er einungis byggt á þjóðhagfræði og einfaldri (jafnvel einfeldningslegri) aðferðarfræði. Við berum saman mismunandi mælikvarða á efnahagslífið, svo sem hagvöxt, fjármagnsvöxt, einkaneyslu, atvinnustig og atvinnuleysi á fyrstu þremur árum ríkisstjórnar Trump (frá 2017 og út 2019, af augljósum ástæðum látum við 2020 liggja á milli hluta) og á síðustu þremur árum ríkisstjórnar Obama (frá 2014 til 2016). Við skoðum líka efnahagsárangur evrusvæðisins, sem er ekki venjulega talið hafa verið farsælt á þessum tímabilum, á fyrstu þremur árum Trump-ríkisstjórnarinnar⁸. Að lokum berum

1 Enten, H (2002), *How Trump Won the Economic Message Battle*, CNN Politics, 25. Desember.

2 Sjá t.d. M Kranish og M Fisher (2016), *Trump Revealed*. Simon and Schuster.

3 <https://www.nytimes.com/interactive/2018/10/02/us/politics/donald-trump-tax-schemes-fred-trump.html>

4 <https://www.nytimes.com/2021/01/19/us/trump-finances.html>

5 Sjá t.d. <https://www.bloomberg.com/opinion/articles/2020-11-21/did-trump-s-economic-policy-work-better-than-obama-s-a-debate?ref=4UE9Qxme>

6 <https://www.theguardian.com/business/2021/jan/15/trump-saw-the-economy-was-his-ticket-to-a-second-term-then-covid-struck>

7 <https://www.ft.com/content/8126446c-4959-4e87-8c78-3546bbf2ebc2>

8 Þessi áfing er sambærileg þeirri sem tímaritið *The Economist* gerði í fyrra, en þar var efnahagslífið á fyrstu árum ríkisstjórnar Trump og Obama borin saman við árangur G6-ríkjanna.

1 Roberto Perotti og Tito Boeri skrifa um árangur Trump í efnahagsmálum

2 Er samasemmerki milli þess að leiða ríkisstjórn og reka fyrirtæki?

3 Ágúst Arnórsson og Kristín Eiríksdóttir skrifa um hættuna við að færa verðmætamat milli landa

4 Hömstrun ríkra landa á bóluþefni mun leiða til framleiðslutaps

TAFLA 1		Trump 2017-2019	Obama 2014-2016	Mismunur
Landsframleiðsla á mann (%-breyting)	Bandaríkin	5.81	5.2	0.61
	Evrusvæðið	5.16	4.26	0.9
	Mismunur	0.65	0.94	-0.29
Heildarfjármuna-myndun (%-breyting)	Bandaríkin	9.04	8.61	0.43
	Evrusvæðið	12.92	9.08	3.84
	Mismunur	-3.88	-0.47	-3.41
Einkaneysla á mann (%-breyting)	Bandaríkin	6.09	7.49	-1.4
	Evrusvæðið	4.04	3.81	0.23
	Mismunur	2.05	3.68	-1.63
Atvinnustig (%-breyting)	Bandaríkin	4.02	5.21	-1.19
	Evrusvæðið	3.97	3.44	0.53
	Mismunur	0.05	1.77	-1.72
Atvinnuleysi (%-breyting)	Bandaríkin	-22.8	-32.29	9.49
	Evrusvæðið	-23.88	-15.58	-8.3
	Mismunur	1.08	-16.71	17.79
Breytileiki atvinnuleysis	Bandaríkin	-1.21	-2.5	1.29
	Evrusvæðið	-2.48	-1.99	-0.49
	Mismunur	1.27	-0.51	1.78

við saman mismuninn á forsetunum við mismuninn á Bandaríkjunum og evrusvæðinu með einfaldri mismuna-mismunaaðferð (e. difference-in-difference).

Niðurstöðurnar má sjá í töflu 1, sem sýnd er hér að ofan. Við skoðum hlutfallsbreytingar í fimm hagstærðum, sem nefndar eru í fyrsta dálknum: Hagvöxt á mann, heildarfjármunamyndun á mann, einkaneysla á mann, atvinnustig, atvinnuleysi og breytileika í atvinnuleysi.

Efsta röðin undir hverri hagstærð sýnir ástandið í Bandaríkjunum á meðan miðju-röðin sýnir ástandið á Evrusvæðinu á sama tíma. Neðsta röðin sýnir svo mismuninn milli þessara tveggja stærða. Í öðrum dálki töflunnar eru hagstærðirnar bornar saman á fyrstu þremur árum ríkisstjórnar Trump, en þriðji dálkurinn sýnir svo sömu hagstærðir á síðustu þremur árum ríkisstjórnar Obama. Í fjórða dálkinum er svo mismunurinn á hagstærðunum á tímum ríkisstjórnanna tveggja sýndur.

Með mismuninn á þessum tveimur mismunum, sem er skáletraður og raudlitaður í fjórða dálki töflunnar, ætti að vera hægt að bera saman efnahagsárangur í stjórnartíð forsetanna tveggja án þess að utanaðkomandi þættir sem höfðu áhrif á heimshagkerfið á báðum tímabilum séu teknir með í reikninginn. Öll gögnin koma úr gagnagrunni nýjustu hagspár OECD⁹.

⁹ <https://doi.org/10.1787/eo-data-en>

¹⁰ Hér myndu stuðningmenn Trump ef til vill fera rök fyrir því að vinnumarkaðurinn hafi verið nálægt fullri atvinnu þegar hann tók við embætti forseta og því hefði verið erfitt að minnka atvinnuleysið enn frekar. Hins vegar hefði mátt bæta atvinnuþátttökuna umtalsvert á tíma Trump, en Obama stóð sig einnig betur en hann í þeim málum.

¹¹ Edward Wolff. (2017). Household wealth trends in the united states, 1962 to 2016: has middle class wealth recovered?, NBER Working Paper No. 24085.

Fimmta og mögulega áhugaverðasta niðurstaðan er sú að ef tekið er tillit til þróunarinnar á Evrusvæðinu, þá var árangur Obama í efnahagsmálum betri á öllum sviðum sem mæld voru í töflunni.

Kauphöllin er ekki hagkerfið

Hvaðan kemur þá hugmyndin um að Trump hafi verið sérstaklega góður í efnahagsmálum? Möguleg skýring á þessu er tilhneigingin til að nota gengi hlutabréfamarkaðarins sem mælistiku á efnahagsárangur. Nasdaq-hlutabréfavisitalan hækkaði um 140 prósent á tíma ríkisstjórnar Trump, en það er tvöföld hækking og átti sér stað á seinna kjörtímabili Trump. Gengi Dow Jones-hlutabréfavisitölunnar (57 prósent hækking) var einnig aðeins betri á tíma ríkisstjórnar Trump, á meðan evrópskum hlutabréfum gekk mun verr (Frankfurt-vísitalan hækkaði um 20 prósent og Eurostoxx50 hækkaði um 10 prósent).

Það er vel þekkt að Trump fylgdist af miklum áhuga með gengi hlutabréfamarkaðarins frá degi til dags sem dæmi um góða stöðu bandaríska efnahagslífsins. Þetta er önnur vísbending um vanhæfni hans, þar sem 84 prósent hlutabréfa í Bandaríkjunum eru í eigu ríkustu tekjufundarinnar¹¹. Einnig má sjá frá síðustu fjármálakreppu og yfirstandandi kórónukreppu að gengi hlutabréfamarkaðarins getur verið nokkurn veginn óháð efnahagsástandinu, sér í lagi þegar seðlabankar dæla lausafé inn í fjármálakerfið og vextir eru nálægt núllinu eða jafnvel neikvæðir.

Raunverulega hættan á bak við trúna á að Trump hafi haft jákvæð áhrif á efnahaginn er að hún styrkir viðhorfið um að efnahagsmál ættu að vera í höndum frumkvöðla í viðskiptalífnum. Þessi sýn ruddi brautina fyrir kosningasigri Berlusconi á Ítalíu, sem leiddi landið að barmi hruns í skuldakreppunni á Evrusvæðinu árið 2011, að hluta til vegna ákvarðana eigin ríkisstjórnar. Í kjölfarið drógu Ítalir (og vonandi Berlusconi líka) þann lærdóm að það er í rauninni ekkert samasemmerki milli þess að leiða ríkisstjórn og að stýra fyrirtæki.

Nú mun Joe Biden þurfa að gera upp arfleið Donald Trump. Tveggja billjóna Bandaríkjadala efnahagsbjörgunarpakkinn sem Biden kynnti og inniheldur tveggja þúsunda dala millifærslur til fjölskyldna, er skref í rétta átt. Hins vegar gildir hann til heimila sem þéna allt að 75 þúsund Bandaríkjadala á hverju ári, í stað þess að beinast sérstaklega til þeirra sem þurfa virkilega á peningnum að halda.

Slík eyðsla á almannafé er önnur arfleifð

framh. á bls. 4

Er ráðlegt að yfirfæra velferðarmælikvarða milli landa?

Ágúst Arnórsson
hagfræðingur

Kristín Eiríksdóttir
hagfræðingur

Ivelferðarhagfræði er allt það sem eykur velferð mannsins talið ábatasamt og þar með verðmætt. Velferð er í praxís nálguð með greiðsluvilja (e. *willingness to pay*)¹ sem er mælikvarði á hagrænt virði af ráðstöfun tiltekinnar gæða. Það er sú hámarksupphæð sem fólk er reiðubúið að greiða til að ná fram ákveðinni ráðstöfun.²

Þessi mælikvarði er einkar hentugur við kostnaðar- og ábatamat (e. *cost-benefit analysis*) þar sem niðurstöður slíks mats eru í sömu einingum og er að finna í arðsemismati og því unnt að vega velferð á móti kostnaði (Brynhildur, Daði og Sigurður, 2013; Hoffman og Spitzer, 1993; OECD, 2006). Með kostnaðar- og ábatamati eru öll velferðaráhrif verkefnis metin í peningum talið. Það tekur meðal annars til umhverfisáhrifa, tímavirði og slysakostnaðar. Allur núvirtur viðbótarkostnaður er borinn saman við allan núvirtan viðbótarábata sem fellur til á líftíma verkefnisins. Sé ábatinn hærrí en kostnaðurinn, að teknu tilliti til núvirðingar og ávöxtunarkröfu, er verkefnið talið arðbært og auka velferð, annars ekki (Daði, Gunnar, Sveinn og Kristín, 2008). Vel útfært mat er öflugt tól til ákvarðanatöku sem miðar að því að fjármunum og auðlindum sé ráðstafað með hagkvæmum hætti með forgangsröðun verkefna (Sartori et al., 2014).

Ísland hefur verið eftirbátur annarra þjóða þegar kemur að kostnaðar- og ábatamati, eins og OECD (1993, 2001, 2014, 2019) hefur margoft bent á. Innleiðing þess er vafalaust heillaskref við opinbera ákvarðanatöku en þá er mikilvægt að vandað sé til verka í upphafi. Heildstætt velferðarmat er dýrt í framkvæmd og freistandi að yfirfæra mat erlendis frá yfir á innlandar aðstæður.³

Gefum okkur mælingu á greiðsluvilja íbúa i í landi m fyrir aukningu í tilteknu gæði frá Q_0 í Q_1 sem við setjum fram með óbeina nytjafallinu⁴:

$$V(p_m, I_i, Q_0) = V(p_m, I_i - WTP_i, Q_1)$$

p_m er vigur sem inniheldur upplýsingar um verð á vöru og þjónustu í landi m , I_i eru ráðstöfunartekjur íbúa i og WTP_i greiðsluvilji íbúa i . Hugsum okkur nú annan íbúa j sem býr í landi n en hefur sömu valröðun og íbúi i og þar af leiðandi sama smekk og nytjafall. Verðlag getur þó verið mismunandi milli landa svo íbúi j býr við verðlag



Ljósmynd: Shutterstock.

$p_n = \alpha \times p_m$. Ef engin peningaglýja (e. *money illusion*) er til staðar getum við sagt að óbeina nytjafallið sé einsleitt af fyrstu gráðu og því gildi fyrir allar α :

$$V(\alpha \times p_m, \alpha \times I_i, Q_0) = V(\alpha \times p_m, \alpha \times I_i - \alpha \times WTP_i, Q_1)$$

Með umritun fæst

$$V(p_n, \alpha \times I_i, Q_0) = V(p_n, \alpha \times I_i - \alpha \times WTP_i, Q_1)$$

Af því leiðir að ef íbúi j hefur tekjur $I_j = \alpha \times I_i$, þá er $WTP_j = \alpha \times WTP_i$. Því mætti yfirfæra greiðslu i yfir á j , og öfugt, ef notast er við skiptigengi sem heldur kaupmætti milli landa föstum.⁵

Þessi aðferð er ráðandi við yfirfærslu velferðarmælikvarða en hefur augljósa galla. Hvað ef íbúar landanna meta undirliggjandi gæði með ólíkum hætti? Það getur annars vegar stafað af því að þeir séu lýðfræðilega frábrugðnir; þ.e. vegna mismunandi menntunar- og/eða tekjustigs, ólíkra trúarbragða, stofnanaumhverfi o.s.frv. Hins vegar getur framboð á undirliggjandi gæði verið frábrugðið á milli landanna (Kirchhoff et al., 1997). Önnur leið væri að aðlaga greiðsluviljann fyrir tilfærslu með því að taka tillit til þátta á borð við: lýðfræði, hvað drífur áfram breytinguna (Q_0 í Q_1), umfang breytingarinnar og aðgengi að staðkvæmdarvörum.⁶

Ready, Navrud o.fl. (2004) mátu greiðsluvilja fyrir að forðast ákveðna heilsukvilla í fimm löndum (Englandi, Hollandi, Noregi, Portúgal og Spáni). Samhliða greiðsluviljamælingunni var safnað upplýsingum um sjúkrasögu og núverandi heilsufar, tekjur, menntun, aldur og heimilisástandur almennt. Greiðsluviljinn var metinn í hverju landi fyrir sig. Niðurstaðan var sú að greiðsluviljinn var lægstur í Englandi en hæstur á Spáni og í Portúgal, sem þótti fyrir fram ólíklegt með hliðsjón af tekjudreifingu landanna. Til að kanna hvort yfirfærsla greiðsluvilja milli landa sé gerleg var greiðsluvilji

1 Eða bótavilja (e. *willingness to accept*); allt eftir samhengi.

2 Hafa verður í huga að greiðsluvilji hvers og eins er bundinn af ráðstöfunartekjum viðkomandi og hefur því þekkt efri mörk.

3 Sjá t.d. nýlega úttekt á Borgarlínunni (COWI og Mannvit, 2020) sem notast við danskar mælingar á greiðsluvilja.

4 Framsetningin tekur mið af Ready et al. (2004) og Kristófersson og Navrud (2007).

5 Sjá t.d. <https://data.oecd.org/conversion/purchasing-power-parities-ppp.htm>

6 Þetta er kallað virðisfallstílfærsla (e. *value function transfer*).

þátttakenda í Englandi yfirfærður á hin þátttökulöndin eftir að tekið hafði verið tillit til áður nefndra bakgrunnsbreyta og kaupmáttar. Þegar mældur- og yfirfærður greiðsluvilji eru bornir saman kemur í ljós að frávikin eru töluverð og fylgja engu skýru mynstri. Því álykta höfundarnir að valröðun íbúa sé ólík milli landa og megi ekki skýra með auðmælanlegum bakgrunnsbreytum.⁷ Þetta kemur heim og saman við þekktar niðurstöður úr stofnanahagfræði og öðrum kinum hagfræðinnar.⁸

Nú þegar fyrir liggur að ríkisstjórnin hefur boðað átak í fjárfestingum, m.a. í samgöngumannvirkjum, er vert að hafa fyrrgreindar niðurstöður í huga (Stjórnarráðið, 2020). Í því sambandi má nefna að Evrópusambandið (EU) gerir kröfu um kostnaðar- og ábatamat að undangengnum öllum verkefnum sem kosta u.þ.b. 8 milljarða króna⁹ eða meira í framkvæmd, ef verkefnið á að fá framlag úr sameiginlegum sjóðum sambandsins (Sartori, 2015). Spurningin er hvort þessum fyrirætluðu verkefnum hér á landi verður forgangsráðað með hagkvæmni að leiðarljósi eða hvort óljósir mælikvarðar muni ráða för. **V**

Heimildir

Brynhildur Davíðsdóttir, Daði Már Kristófersson og Sigurður Jóhannesson. (2013). *Hagraent mat á náttúrugaðum og umhverfisáhrifum*. Reykjavík: Háskóli Íslands. Sótt af <https://www.ramma.is/medialbeinleid/Hagraent-mat-a-natturugaedum-final.pdf>.
COWI og Mannvit. (2020). *Borgarlinan - Socioeconomic analysis*. Sótt af https://borgarlinan.is/data/A133201_Report%20Socioeconomic%20analysis_FINAL.pdf
Daði Már Kristófersson, Gunnar Haraldsson, Sveinn Agnarsson og Kristín Eiríksdóttir. (2008). *Áhrif stóriðjuframkvæmda á íslenskt efnahagslíf*, skýrsla nr. C08:10. Reykjavík: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Sótt af <http://www.ioes.hi.is/sites/hbi.hi.is/files/sjl>

⁷ Fleiri hafa komist að samþerilegum niðurstöðum. Sjá t.d. Kristófersson og Navrud (2007).

⁸ Sjá t.d. Eggertsson (1990).

⁹ 50 milljónir evra.

framb. af bls. 1

viðvaningsháttar Trump í efnahagsmálum. Rétt fyrir jól fordæmi hann – líkt og alltaf, á Twitter – þensluáðgerðirnar sem Bandaríkjaþing lagði til, á þeim forsendum að þær innihéldu of mikið „svínakjöt“, þ.e. ríkisútgjöld sem eru ótengd kreppunni. Hann áttaði sig þó ekki á því að þingið hefði stýtt sér leið með því að samvinna fjárlögin við björgunarpakkann. Svo, á einu augnabliki ákvað hann – aftur, á Twitter – að auka millifærslur til fjölskyldna úr 600 Bandaríkjadöllum í 2.000 dali. Þar sem þetta átti sér stað rétt fyrir kosningarnar í

c08_10_ahrif_storidjuframkvæmda_a_íslenskt_efnahagslif.pdf.

Eggertsson, P. (1990). *Economic behavior and institutions: Principles of Neoinstitutional Economics*. Cambridge University Press.

Hoffman, E., og Spitzer, M. L. (1993). *Willingness to pay vs. willingness to accept: legal and economic implications*. *Wash. uLQ*, 71, 59.

OECD. (1993). *OECD environmental performance reviews: Iceland 1993*. Paris: OECD Publishing. Sótt 25. okt. 2020 af <http://www.oecd.org/environment/country-reviews/2378124.pdf>.

OECD. (2001). *OECD environmental performance reviews: Iceland 2001*. Paris: OECD Publishing. <https://doi.org/10.1787/9789264189454-en>.

OECD. (2006). *Willingness to Pay vs. Willingness to Accept. Cost-Benefit Analysis and the Environment: Recent Developments*. Paris: OECD Publishing

OECD. (2014). *OECD environmental performance reviews: Iceland 2014*. Paris: OECD Publishing. <https://doi.org/10.1787/9789264214200-en>.

OECD. (2019). *OECD Economic Surveys Iceland 2019*. Paris: OECD Publishing. <https://doi.org/10.1787/e362e536-en>.

Kirchhoff S, Colby BG, LaFrance JT (1997) *Evaluating the Performance of Benefit Transfer: An Empirical Inquiry*. *Journal of Environmental Economics and Management* 33(1):75–93.

Kristófersson, D. M. og Navrud, S. (2007). *Can use and non-use values be transferred across countries? Í S. Navrud og R. Ready (ristj.), Environmental value transfer: Values and methods (bls. 201–225)*. Dordrecht: Springer.

Ready, R., Navrud, S., Day, B., Dubourg, R., Machado, F., Mourato, S., ... & Rodriguez, M. X. V. (2004). *Benefit transfer in Europe: how reliable are transfers between countries?*. *Environmental and resource economics*, 29(1), 67–82.

Sartori, D. (2015). *Guide to cost-benefit analysis of investment projects: economic appraisal tool for cohesion policy 2014–2020*. Brussels: European Commission, Directorate-General for Regional and Urban policy. Sótt af https://ec.europa.eu/regional_policy/sources/docgener/studies/pdf/cba_guide.pdf.

Stjórnarráðið. (2020). *Efnahagsáðgerðir vegna Covid-19*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/covid-19/>

Stjórnarráðið. (2020). *Efnahagsáðgerðir vegna Covid-19*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/covid-19/>

Stjórnarráðið. (2020). *Efnahagsáðgerðir vegna Covid-19*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/covid-19/>

Stjórnarráðið. (2020). *Efnahagsáðgerðir vegna Covid-19*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/covid-19/>

Stjórnarráðið. (2020). *Efnahagsáðgerðir vegna Covid-19*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/covid-19/>

Stjórnarráðið. (2020). *Efnahagsáðgerðir vegna Covid-19*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/covid-19/>

Stjórnarráðið. (2020). *Efnahagsáðgerðir vegna Covid-19*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/covid-19/>

Stjórnarráðið. (2020). *Efnahagsáðgerðir vegna Covid-19*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/covid-19/>

Stjórnarráðið. (2020). *Efnahagsáðgerðir vegna Covid-19*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/covid-19/>

Stjórnarráðið. (2020). *Efnahagsáðgerðir vegna Covid-19*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/covid-19/>

Stjórnarráðið. (2020). *Efnahagsáðgerðir vegna Covid-19*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/covid-19/>

Stjórnarráðið. (2020). *Efnahagsáðgerðir vegna Covid-19*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/covid-19/>

Stjórnarráðið. (2020). *Efnahagsáðgerðir vegna Covid-19*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/covid-19/>

Stjórnarráðið. (2020). *Efnahagsáðgerðir vegna Covid-19*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/covid-19/>

Stjórnarráðið. (2020). *Efnahagsáðgerðir vegna Covid-19*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/covid-19/>

Stjórnarráðið. (2020). *Efnahagsáðgerðir vegna Covid-19*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/covid-19/>

Stjórnarráðið. (2020). *Efnahagsáðgerðir vegna Covid-19*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/covid-19/>

Stjórnarráðið. (2020). *Efnahagsáðgerðir vegna Covid-19*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/covid-19/>

Stjórnarráðið. (2020). *Efnahagsáðgerðir vegna Covid-19*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/covid-19/>

Stjórnarráðið. (2020). *Efnahagsáðgerðir vegna Covid-19*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/covid-19/>

Stjórnarráðið. (2020). *Efnahagsáðgerðir vegna Covid-19*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/covid-19/>

Ljótt kapphlaup

Ekki verður sagt að alþjóðlega kapphlaupið um kaup á bóluþefni gegn COVID-19 sýni bestu hliðar mannkynsins. Á meðan fæst lönd í Asíu, Afríku og rómönsku Ameríku hafa tryggt sér nægilega mikið af bóluþefnaskömmtum til að ná hjarðónæmi gegn veirunni hafa ríkisstjórnir flestra OECD-landa hamstrað kaupsamninga frá öllum framleiðendum svo að þjóðir þeirra verði bólusettar fyrir.

Hömstrunin sýnir, þvert á allt tal um alþjóðasamvinnu, að mannúðarsjónarmið ráða ekki för í dreifingu bóluþefna. Í stað þess að skammtarnir fari fyrst til þeirra sem þurfa mest á þeim að halda munu fátæk lönd þurfa að bíða eftir hinum ríku til að fá bóluþefni.

Tedros Adhanom, framkvæmdastjóri Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), sagði heimsbyggðina vera „á barmi meiriháttar siðferðisbrests“ vegna ójafnrar dreifingar bóluþefnanna. Ný rannsókn, sem Alþjóðaviðskiptaráðið (ICC) birti í vikunni, sýndi einnig að hömstrun iðnríkja á bóluþefnum myndi koma niður á þeim í efnahagslegu tilliti.

Þar sem ýmsar atvinnugreinar í Evrópu og Bandaríkjunum reida sig að einhverju leyti á framleiðslu í þróunarlöndum mun efnahagur þeirra ekki komast í fyrri horf fyrir en sóttvarnaáðgerðum verður aflétt um allan heiminn. Hér á landi gæti ákvörðunin um að hamstra bóluþefni kostað okkur rúm þrjú prósent af landsframleiðslu, samkvæmt rannsókninni.

Því er þessi þróun bæði óhagkvæm og á siðferðislega gráu svæði. Hins vegar er hún ekkert óeðlileg, heldur afleiðing af því að þjóðríki semji um kaup á bóluþefni í stað alþjóðastofnana.

Stjórnarmálameinn einstakra ríkja fá umboð sitt frá kjósendum sínum, sem allir vilja fá bóluþefni gegn veirunni sem fyrst. Þannig er líklegt að ríkisstjórn hvers lands geri allt sem í hennar valdi stendur til að tryggja hagsmunir kjósenda sinna framfar öðrum.

Einungis yrði hægt að koma í veg fyrir hömstrun með alþjóðasamstarfi, en í þessum aðstæðum er slíkt samstarf erfitt. Freistingin til að ganga á bak orða sinna og troða sér fram fyrir er allt of mikil.

Ritstjóri: Jónas Atli Gunnarsson
Ábyrgðarmaður: Eyrún Magnúsdóttir
Útgefandi: Kjarninn miðlar ehf.,
Fiskislóð 31 B, 101 Reykjavík
Sími: 551 0708 Netfang: visbending@kjarninn.is
Prentun: Kjarninn
Öll réttindi áskilin.
© Ritið má ekki afrita án leyfis útgefanda.